

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag á Borðeyri, Bæjarhreppi, sem leysi hið eldra deiliskipulag af hólmi.

Sveitarstjórn Bæjarhrepps samþykkti þann 5. nóvember 2008 nýtt deiliskipulag sem nær yfir Borðeyri í heild. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum frá því eldra:

- a. Tjaldsvæði í Lækjardal fellur út.
- b. Nýting skólalóðar breytist.
- c. Gert er ráð fyrir allt að sex frístundalóðum.
- d. Gert er ráð fyrir lagfæringu á vegslóða upp Lækjardal.
- e. Gert er ráð fyrir tjaldsvæði norðan við Meleyri, með stækkunarmöguleikum.
- f. Tvær íbúðarhúsalóðir norðan Meleyrar falla út.
- g. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsalóðum, önnur er norðan við Lyngbrekku en hin vestan við Sjónarhól.
- h. Gert er ráð fyrir sjóvarnargarði norðan við Tangann.
- i. Gert er ráð fyrir nýju athafnasvæði, á melunum norðvestast á svæðinu.
- j. Gert er ráð fyrir lítilli flotbyggju fyrir framan Riis-húsið og verslunina.

Byggingarskilmálar koma fram í greinargerð sem fram er sett á uppdrætti.

Deiliskipulagið var auglýst, skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 2. maí 2008 til og með 20. júní 2008. Athugasemdir bárust og voru þær afgreiddar svo sem lög gera ráð fyrir.

Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið sbr. ofangreindan texta og hefur deiliskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til oddvita Bæjarhrepps.

*Borðeyri, 11. mars 2009.*

**Sigurður Kjartansson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2009